



G J A L D S K R Á

fyrir hunda- og kattahald í Fjarðabyggð

Gildir frá 1.1.2015

1. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda hund í Fjarðabyggð, sbr. 12. gr. samþykktar nr. 704/2010 skal vera **15.700 kr.** Gjald greiðist á gjalddaga 1. október, en eindagi er 30. október ár hvert. Innifalið í leyfisgjaldi er heilbrigðisskoðun dýralæknis, ormahreinsun og trygging auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

2. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda kött í Fjarðabyggð, sbr. 12. gr. samþykktar nr. 705/2010 skal vera **10.300 kr.** Gjald greiðist á gjalddaga 1. október, en eindagi er 30. október ár hvert. Innifalið í leyfisgjaldi er heilbrigðisskoðun dýralæknis, ormahreinsun og trygging auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

3. gr.

Við afskráningu hunds eða kattar ber að endurgreiða árlegt leyfisgjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru á árinu.

4. gr.

Handsömunargjald, samkvæmt 12. grein samþykktar nr. 704/2010 um hundahald í Fjarðabyggð, skal vera **15.000 kr.** Þurfi að vista hund yfir nótt, skal greiða vörslugjald að fjárhæð **7.500 kr.** fyrir hvern dag umfram fyrsta sólarhringinn. Að auki skal greiða allan útlagðan kostnað Fjarðabyggðar vegna hundsins.

Eigandi hunds getur fengið hann afhentan, samkvæmt 10. grein samþykktar nr. 704/2010 að aflokinni skráningu og gegn framvísun á staðfestingu fyrir greiðslu skráningargjalds og handsömunargjalds auk annars áfallins kostnaðar vegna brotsins.

5. gr.

Með vísan í 12. gr. í samþykkt um hundahald nr. 704/2010 greiða eigendur hunda á lögbýlum ekki leyfisgjald heldur einungis útlagðan kostnað við ormahreinsun.

6. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með vísun til heimilda í samþykktum um hunda nr. 704/2010 og samþykkt um kattahald nr. 705/2010 og samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Tekur gjaldskráin þegar gildi.

Fjarðabyggð 5. desember 2014


Páll Björgvin Guðmundsson

Samþykkt í eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd 13. október 2014

Samþykkt í bæjarráði 20. október 2014.

Samþykkt í bæjarstjórn 30. október 2013.